

Gjaldskrá

Tónlistarskóla Garðabæjar

1. gr.

Skólagjöld Tónlistarskóla Garðabæjar eru innheimt samkvæmt lögum um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985.

Skólagjöldum er ætlað að standa undir öðrum kostnaði við skólareksturinn en launakostnaði kennara og skólastjóra.

2. gr.

Skólagjöld skólaárið 2026-2027 eru eftirfarandi:

Hljóðfæranám, hóptímar	kr. 59.500
Hljóðfæranám – grunn- og miðstig, fullt nám	kr. 137.400
Hljóðfæranám – framhaldsáfangi, fullt nám	kr. 150.900
Söngnám – grunn- og miðáfangi, fullt nám	kr. 137.400
Söngnám – framhaldsáfangi	kr. 150.900
Suzuki nám	kr. 121.700
Hljóðfæraleiga	kr. 14.800

3. gr.

Samningur skal gerður við nemendur og forráðamenn um hljóðfæraleigu þar sem m.a. eru skilmálar um meðferð hljóðfæra.

4. gr.

Í þeim tilvikum sem systkin yngri en 18 ára stunda nám við skólann skal veittur systkinaafsláttur fyrir eldra systkin eða eldri systkin. Systkinaafsláttur skal nema 20% fyrir annað systkin og 30% fyrir þriðja systkin.

Við ákvörðun afsláttar skal miða við fjárhæð gjalda þannig að það systkin sem greiðir næst mest skal fyrst njóta afsláttar o.s.frv.

5.gr.

Nemandi sem stundar nám á fleira en eitt hljóðfæri skal veittur 20% afsláttur frá námsgjaldi á annað hljóðfæri.

6. gr.

Gjald dagar skólagjalda skulu vera 1. október, 1. nóvember og 1. desember. Heimilt er að greiða gjöldin með greiðslukortum samkvæmt samkomulagi við bæjarskrifstofur Garðabæjar sem annast innheimtu gjaldanna.

7. gr.

Gjaldskrá þessi er samþykkt á fundi bæjarstjórnar Garðabæjar 4. desember 2025 og gildir frá og með skólaárinu 2026-2027.

Garðabæ, 4. desember 2025

*Lúðvík Örn Steinarsson,
sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.*